

<i>Fundarboðandi:</i>	Yfirdýralæknir	<i>Fundarstaður:</i>	MAST Selfossi
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Dagsetning:</i>	27.02.2019
<i>Fundarritari:</i>	Sigurjón Njarðarson	<i>Fundartími:</i>	13.00 – 15.00
<i>Gerð fundar:</i>		<i>Verknúmer:</i>	
<i>Fjarverandi:</i>			

*Pátttakendur:* Sigurborg Daðadóttir, Ólafur R. Dýrmundsson, Katrín Andrésdóttir. Henry Alexander Henrysson og Erna Bjarnadóttir sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Gestir voru: Sigrún Bjarnadóttir, Sigríður Björnsdóttir, Ester Rut Unnsteinsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir sátu öll fundin í gegnum fjarfundarbúnað. Starfsmaður Fagráðs: Sigurjón Njarðarson.

#### Dagskrá

1. Kynning á könnun um afdrif hreinkálfa veiddra kúa.
2. Fundargerð síðasta fundar borinn upp til samþykkis/synjunar.
3. Kröfur um réttindi ábyrgðamanna dýratilrauna.
4. Umsagnir um umsóknir til dýratilrauna.
5. Þóknun fyrir setu í Fagráði – Staða máls
6. Önnur mál.

#### Umræða

##### 1. Kynning á könnun um afdrif hreinkálfa veiddra kúa.

Skarphéðinn G. Þórisson, frá Náttúrustofu Austurlands, hélt erindi undir yfirskriftinni „Kálfar og Veiðar og svaraði spurningum. Einnig hélt Rán Þórarinsdóttir, einnig frá Náttúrustofu Austurlands, erindi undir fyrisögninni „afkoma kálfa“. Esther Rut Unnsteinsdóttir, Náttúrufræðistofnun, sat einnig fundin að bön Umhverfisstofnunar og Sigrún Bjarnadóttir, sérgreinadýralæknir nautgripa- og sauðfjarsjúkdóma, sat fundinn að bön formanns Fagráðs.

Að erindum loknum voru frekari umræður um málið. Meðlimir Fagráðs inntu einkum eftir tæknilegum spurningum er vörðuðu framkvæmd á könnun Náttúrustofu Austurlands. Einnig var velt upp þeim mælikvörðum á rannsóknarandlagið sem notuð voru til viðmiðunar.

Það var einróma mat Fagráðs að tími til frekari umræðu væri alltof skammur, hvað þá ef til stæði að álykta um málið. Því var samhljóða ákveðið að boða til aukafundar um málið þriðjudaginn 5. mars 2019.

##### 2. Fundagerð síðasta fundar borin upp til samþykkis/neitunar

Fundargerð var samþykkt samhljóða

##### 3. Kröfur um réttindi ábyrgðamanna dýratilrauna.

Umræða um þennan lið flæddi inn í umræðu um dýratilraunina *Vistfræðirannsóknir á íslenskum varpfluglum*. Umræða var nokkur en án niðurstöðu.

##### 4. Umsóknir um dýratilraunir

Sigríður Björnsdóttir gerði grein fyrir eftirtöldum umsóknum:

- a. *Svipgerðargreining á stofni sebrafiska með erfðabreytingu á RBM12 geni. Jákvæð umsögn með fyrirvara um að tæknilegir annmarkar á umsögn verði lagfærðir (leiðrétting á ábyrgðarmanni) og að því gefnu að ekki verði efnislegar breytingar á rannsókninni.*
- b. *Hreyfing og vistnýting staðbundinna og fargerða þorskseiða sáraroð vs. samanburðarvara í verndun nýmyndaðs beins í rottum. Fagráð veitir samhljóða jákvæða umsögn.*
- c. *Vistfræðirannsóknir á íslenskum varpfuglum. Áður frestuð afgreiðsla frá fundi 23. janúar 2019. Fyrri umsögn úrelt og það þarf að sækja um að nýja. Fagráð veitir jákvæða umsögn, að því gefnu að ekki verði efnislegar breytingar frá fyrri umsókn*

**5. Þóknun fyrir setu í Fagráði – umræður um niðurstöðu Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins.**

Á fundi Fagráðs 23. janúar 2019 bókaði Fagráð vonbrigði með niðurstöðu ANR, í máli er varðaði þóknun fyrir setu í ráðinu. Formanni Fagráðs var falið að leitast eftir fundi ráðsfólks með ráðherra eða ráðuneytisstjóra og ræða þá stöðu sem upp er kominn.

Formaður tjáði, að Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytinu hefði verið sent formlegt erindi þar sem leitast var eftir fundi með ráðherra, ellegar ráðuneytisstjóra.

**6. Önnur mál.**

Enginn önnur mál voru borin upp.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15.00. Næsti fundur er áætlaður 5. mars 2019 kl. 13:00 í starfsstöð MAST við Dalshraun í Hafnarfirði.